

Málstefna

Í heilsuleikskólanum Fífusölum eru bæði nemendur og starfsfólk sem hefur ekki íslensku að móðurmáli. Við berum virðingu fyrir ólíkri menningu og tungumálum og við sýnum þeim sem hafa íslensku sem annað mál skilning og styðjum við íslenskunám þeirra.

Málstefna heilsuleikskólans Fífusala

- Íslenska er skólamál Fífusala þar sem leikur og starf fer fram á íslensku
- Markmiðið er að öll börn hafi náð góðri færni í íslensku í lok leikskólagöngunnar
- Áhersla er á að börnin heyri vandaða, góða og fjölbreytta íslensku í daglegu leikskólastarfi
- Við mætum þörfum barna fyrir málörvun á þeirra forsendum með tilliti til getu og þroska
- Við veitum erlendu starfsfólki aðstoð við að ná tökum á íslensku
- Við leggjum áherslu á gott samstarf við foreldra og foreldrar eru hvattir til þess að efla barnið í móðurmálinu